

Ár 2023, miðvikudaginn 6. september, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannes Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 5/2023

Halldór Árnason

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 15. ágúst 2023, þar sem Halldóri Árnasyni, aðstoðarþjálfara Breiðabliks í mfl. karla var gert að sæta eins leiks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar eftir leik KA og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 13. ágúst sl.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 25. ágúst 2023 þar sem Halldór Árnason gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega að 1 leiks bann sem aga- og úrskurðarnefnd KSÍ gerði Halldóri Árnasyni þann 15. ágúst 2023 verði felld niður.

Samhliða og til vara að áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti að dómurum leiks hafi verið óheimilt að sýna Halldóri Árnasyni rautt spjald.

II

Með reglubundnum úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þann 15. ágúst 2023 var Halldóri Árnasyni aðstoðarþjálfara gert að sæta 1 leiks banni vegna brottvísunar eftir leik KA og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 15. ágúst 2023. Í skýrslu dómara til aga- og úrskurðarnefndar er ástæða brottvísunar Halldórs Árnasonar tilgreind sem; Orðbragð og/eða látbragð sem er særandi, móðgandi og svívirðilegt. Nánari skýring á brottvísun er eftirfarandi:

Eftir leik þegar dómarrar leiks eru að fara útúr klefa sínum og ganga framhjá Halldóri þá spyr Halldór hvort dómarrar leiks hafi séð vítaspyrnuatvikið aftur, dómarrar játa því og krefur Halldór þá dómara leiks um álit þeirra við video klippunni, dómarrar leiks segjast standa við sinn dóm, rautt og víti, kallar Halldór þá dómara leiks "helvítis hálfvita"

Þann 17. ágúst 2023 barst formanni áfrýjunardómstóls beiðni um áfrýjun á tilgreindum úrskurði aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli sérstakra ástæðna, skv. e) lið greinar 16.2. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, sbr. einnig e) lið greinar 4.2. reglugerðar um áfrýjunardómstól KSÍ.

Með bréfi dags. 24. ágúst var áfrýjunarbeiðni Halldórs Árnasonar á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 15. ágúst 2023 samþykkt á grundvelli sérstakra ástæðna. Var frestur settur til að áfrýja tilvitnuðum úrskurði um leikbann Halldórs Árnasonar til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 25. ágúst 2023.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Því er haldið fram að dómarrar leiksins hafi ekki haft heimild til þess að skrá rautt spjald á Halldór Árnason.

Í Knattspyrnulögunum segir skýrt um valdsvið dómara

Dómarinn hefur heimild til þess að grípa til agarefsinga frá þeirri stundu sem hann hefur vallarskoðun við komu sína á leikstað og þar til hann hefur yfirgefið völlinn að leik loknum (þ.m.t. eftir vítaspyrnukeppni). Ef leikmaður gerist sekur um brottrekstrarverða hegðun áður en hann fer inn á völlinn við upphaf leiks þá hefur dómarinn vald til þess að meina honum þátttöku í leiknum (sjá 3. grein). Dómarinn tilkynnir jafnframt um alla aðra óviðeigandi hegðun.

Dómarinn hefur heimild til þess að sýna gul eða rauð spjöld, og þar sem mótareglur heimila, til að vísa leikmönnum tímabundið af leikvelli, allt frá því að hann kemur inn á völlinn við upphaf leiks þar til að leik er lokið, þ.m.t. í hálfleik og á meðan á framlengingu eða vítaspyrnukeppni stendur.

Leikstaður er skilgreindur sem sá staður þar sem leikur fer fram. Í tilviki Halldórs er það vallarsvæði KA á Akureyri. Leikvöllur er sjálfur völlurinn eins og hann er afmarkaður af línunum.

Af skýru orðalagi Knattspyrnulaganna er ljóst að dómarrar höfðu ekki heimild til þess að gefa Halldóri Árnasyni rautt spjald vegna ætlaðs atviks utan við klefa eftir að leik lauk. Hvað þá rúmum klukkutíma eftir að leik lauk og dómarrar höfðu yfirgefið völlinn. Hafi dómarrar hins vegar talið hegðun Halldórs ámælisverða þá hefðu þeir getað sent framkvæmdastjóra KSÍ tilkynningu um og framkvæmdastjóri KSÍ þá eftir atvikum vísað máli til aga- og úrskurðarnefndar.

Dómarrar sjálfir staðfesta í skýrslu sinni að ákvörðun þeirra hafi verið tekin eftir að þeir fóru út af völlum eftir að leik lauk.

Einboðið er að ákvörðun dómara verði hnekk og leikbann Halldórs verði afturkallað.

Áfrýjandi á ekki annara kosta vöð heldur en að áfrýja niðurstöðu nefndarinnar til áfrýjunardómstóls sambandsins.,,

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 15. ágúst 2023. Með honum var áfrýjanda gert að sæta eins leiks banni vegna brottvísunar eftir leik KA og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 13. ágúst 2023. Snýr málatilbúnaður áfrýjanda að því að dómara í leik KA og Breiðabliks hafi ekki verið heimilt að skrá rautt spjald á áfrýjanda með þeim hætti sem lýst er í skýrslu dómarans. Nánar tiltekið vísar áfrýjandi til þess að dómara hafi ekki verið heimilt að gefa áfrýjanda rautt spjald vegna atviks utan við klefa rúmum klukkutíma eftir að leik lauk og dómarar höfðu yfirgefið völlinn. Því til stuðnings vísar áfrýjandi til 5. greinar knattspyrnulaganna.

Að mati dómsins verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að áfrýjanda hafi sannanlega verið veitt brottvísun af dómara vegna atviks eftir leik KA og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 13. ágúst sl. Atvik hafi skv. skýrslu dómara átt sér stað eftir að leik lauk þegar dómarar leiksins voru að fara út úr klefa sínum. Í 5. grein knattspyrnulaganna er m.a. fjallað um heimildir dómara til að beita agarefsingum, þ.m.t. heimild dómara til að sýna gul eða rauð spjöld. Samkvæmt því hefur dómari leiks heimild til þess að grípa til agarefsinga frá þeirri stundu sem hann hefur vallarskoðun við komu sína á leikstað og þar til hann hefur yfirgefið völlinn að leik loknum (þ.m.t. eftir vítaspyrnukeppni). Ef leikmaður gerist sekur um brottrekstrarverða hegðun áður en hann fer inn á völlinn við upphaf leiks þá hefur dómari vald til þess að meina honum þátttöku í leiknum. Þá segir að dómari hafi heimild til þess að sýna gul eða rauð spjöld, og þar sem mótareglur heimila, til að vísa leikmönnum tímabundið af leikvelli, allt frá því að hann kemur inn á völlinn við upphaf leiks þar til að leik er lokið, þ.m.t. í hálfleik og á meðan á framlengingu eða vítaspyrnukeppni stendur. Alla aðra óviðeigandi hegðun ber dómara að tilkynna um sérstaklega í skýrslu sinni. Leikvöllur er nánar skilgreindur í 1. grein knattspyrnulaganna.

Fyrir liggur í málinu að áfrýjandi hefur þegar tekið út sjálfkrafa leikbann vegna brottvísunar í samræmi við grein 12.1.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og úrskurð aga- og úrskurðarnefndar frá 15. ágúst 2023. Af þeim ástæðum er það álit áfrýjunardómstóls að áfrýjandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um kröfur sínar.

Með vísan til þessa er áfrýjun Halldórs Árnasonar á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um eins leiks bann frá 15. ágúst 2023 vísað frá áfrýjunardómstóli.

Dómsorð:

Áfrýjun Halldórs Árnasonar er vísað frá áfrýjunardómstóli KSÍ.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]